

AUGLÝSING

um staðfestingu á samkomulagi milli Eyjafjarðarsveitar og Akrahrepps um mörk sveitarfélaganna inn til landsins.

Á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við þau lög, hefur félagsmálaráðuneytið hinn 11. ágúst 1999 staðfest samþykkt hreppsnefndar Eyjafjarðarsveitar frá 12. september 1996 og samþykkt hreppsnefndar Akrahrepps frá 13. október 1996 um mörk sveitarfélaganna inn til landsins.

Til að ákvarða hnattstöðu brotpunktamarka voru notuð kort í mælikvarðanum 1:50 000 sem voru unnin og gefin út af kortagerðarstofnun bandaríska varnarmálaráðuneytisins og Landmælingum Íslands. Þetta eru eftirfarandi kortablöð:

Nýjabæjararétt, 1915 II gert 1990, (C761)

Öxnadalshéiði, 1915 IV gert 1988, (C761)

Bleiksmýrardalur, 2015 IV gert 1990, (C761)

Sprengisandur, 1914 I gert 1989, (C761)

Þessi kortablöð hafa viðmiðunina Hjørsey 1955 og þverstæða Mercator kortavörpun.

Samkvæmt samþykktunum verða mörk sveitarfélaganna með eftirfarandi hætti:

„Ekki verður breytt þeirri markalínu, sem þegar hefur verið sett á kort, og endar að sunnan á svokölluðum Miðás, sem er nokkurn veginn mitt á milli draga Tinnárdals og Torfufellsdals.

Hnattstaða: N 65°17,75'

V 18°31,60'

Þaðan er dregin bein lína að hæðarpunkti 1.026 m á korti.

Hnattstaða: N 65°15,00'

V 18°30,00'

Þaðan dregin bein lína í suðurenda Urðarvatns nyrðra.

Hnattstaða: N 65°12,72'

V 18°21,10'

Þaðan liggur línan eftir kvísl milli Urðarvatna og eftir miðju Urðarvatni syðra að vörðunni „Drottningu“ sunnan Urðarvatna.

Hnattstaða: N 65°09,94'

V 18°21,64'

Þaðan bein lína í „Svarta hornið“ (við Geldingsá).

Hnattstaða: N 65°06,46'

V 18°19,32'

Þaðan bein lína í vörðu, sem hlaðin var í ferð hreppsnefndarmanna, á bingu norðan Laugafellshnjúks, vestan skálanna við Laugafell.

Hnattstaða: N 65°01,88'

V 18°22,19'

Þaðan áfram suður í Hnjúkskvísl þar sem hún sveigir lengst í norður, norðan Laugafellshnjúks, og fylgir henni síðan suður með hnjúknum að austan og síðan eftir Jökulkvísl, sem er heiti á efsta hluta Hnjúkskvíslar, í tindinn Klakk, austan Hofsjökuls, en þar er endapunktur línunnar.“

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 21. september 1999.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.